



Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík
irn@irn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 17. október 2022

Efni: Umsögn um drög að umferðaröryggisáætlun 2023-2037.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“) og Félög vinnuvélaeigenda (hér eftir „FVE“), sem er aðildarfélag innan SI, (saman nefnd félögin) hafa tekið til umsagnar drög að umferðaröryggisáætlun 2023-2037, mál nr. 173/2022, þar sem mörkuð er stefna að umferðaröryggi til 15 ára. Stefnan horfir til þriggja vídda; öruggari vegfarendur, öruggari vegir og öruggari ökutæki. Félögin fagna framkomnum drögum að umferðaröryggisáætlun og telja þau markmið hennar heilt yfir góð og skref í rétta átt. Félögin vilja þó koma á framfæri nokkrum athugasemdum sem útlistaðar eru hér að neðan sem þau vonast til að verði nýtt við áframhaldandi vinnu áætlunarinnar og eftirfylgni hennar.

I. Öruggari starfsmenn.

Félögin vilja vekja athygli ráðuneytisins á því að hvergi er vikið að öryggi starfsmanna hins opinbera eða verktaka sem sinna úttekt, nýframkvæmdum eða viðhaldi vegakerfisins. Þrátt fyrir að teljast ekki vegfarendur í skilningi laga eða umferðaröryggisáætlunarinnar leika þessir aðilar stórt hlutverk í umhverfi vegfarenda, vega og ökutækja. Að mati félaganna er rétt að beina sjónum áætlunarinnar einnig að þessum mikilvægu hlekkjum í umhverfi umferðaröryggis enda starfa þessir aðilar við hættulegar aðstæður, oft á tíðum lítið eða ekkert varðir fyrir umferð ökutækja.

Félögin telja rétt að sett séu markmið um aukið öryggi framangreindra aðila í umferðinni en þeim markmiðum væri m.a. unnt að ná fram með auknu eftirliti með sérstökum hraðatakörkunum sem tilkomnar eru vegna framkvæmda auk krafna um aukna afmörkun framkvæmdasvæða. Báðar tillögurnar eru til þess fallnar að auka öryggi starfsmanna hins opinbera og verktaka sem sinna úttekt og framkvæmdum við vegakerfið.

II. Tryggja þarf fjármagn nýframkvæmda og viðhalds öruggari vega.

Félögin fagna lýstum frammistöðumarkmiðum umferðaröryggisáætlunarinnar þar sem kveðið er á um að þau muni m.a. snúa að gæðum vega þegar lítið sé til öryggis þeirra. Þar segir að hlutfall nýrra eða endurbættra umferðarmannvirkja sem lúta reglum um umferðaröryggisrýni verði 100% sem og að hlutfall stofnvega sem teknir hafa verið út með heildstæðu umferðaröryggismati verði einnig 100%.




Í þessu samhengi vilja félögin benda ráðuneytinu á skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga, Innviðir á Íslandi 2021 – ástand og framtíðarhorfur¹, en samkvæmt henni er staða margra innviða hér á landi slæm vegna þess að viðhaldi þeirra hefur ekki verið sinnt sem skyldi á síðustu árum. Dæmi um þetta eru vegir og brýr en þeir innviðir fá ástandseinkunina tvo af fjórum mögulegum sem merkir að þeir eru í slæmu ástandi. Mikil uppsöfnuð viðhalds- og nýfjárfestingarþörf er í vegakerfinu.

Að mati félaganna er ekki unnt að leggja fram markmið um öruggari vegi án þess að kveðið sé á um átak í viðhaldi og nýframkvæmdum vegakerfisins. Það er á ábyrgð ríkisins að framangreindri viðhaldsþörf sé mætt á allra næstu árum en hér ber til þess að líta að drög að fjárlagafrumvarpi 2023 sem nú er til umfjöllunar fjárlaganefndar gerir ráð fyrir lækkun fjárheimilda til samgönguinnviða um rúma 2,8 ma.kr. frá núgildandi fjárlögum ársins 2022. Framangreindur samdráttur tekur ekki til almennra verðlagsbreytinga en þær nema samkvæmt frumvarpinu um rúmum 1 ma.kr.

Með vísan til framangreindrar samantektar úr frumvarpi til fjárlaga ársins 2023 hafa félögin verulega áhyggjur af væntum samdrætti í fjárfestingum ríkisins í innviðum landsins, þ. á m. samgönguinnviðum, sér í lagi vegakerfinu. Félögin hafa áhyggjur af því að ríkið stefni í frekari viðhaldsskuldasöfnun umfram úttekt framangreindrar skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga og að framundan sé tímabil þar sem þörfum samfélagsins fyrir innviðauppbyggingu verði ekki mætt, nema að hluta til.

Félögin telja kjörið tækifæri vera nú til að leggja upp með átak í viðhaldi vegakerfisins og uppbyggingu vegamannvirkja í annars metnaðarfullri umferðaröryggisáætlun til næstu 15 ára. Slíkt átak er í takt við stefnu áætlunarinnar um öruggari vegi sem einnig mun leiða til öruggari vegfarenda. Svo unnt sé að tryggja öruggari vegi og vegfarendur með samstilltu átaki um viðhald og nýframkvæmdir vegakerfisins er nauðsynlegt að tryggja fjármagn til slíkra framkvæmda en draga ekki saman í fjárútlátum ríkisins að því leyti, líkt og fjárlagafrumvarp ársins 2023 kveður á um.

Virðingarfyllst,


Bjartmar Steinn Guðjónsson
Viðskiptastjóri á mannvirkjasviði SI

¹ <https://www.si.is/starfsemi/innvidir-a-islandi-astand-og-framtidarhorfur/>